

Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2013 í Garðabæ.

Magnús Gunnarsson, formaður.

Fulltrúi Umhverfisstjórnar, heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, bæjarstjóri, Gunnar Einarsson, Jón Loftsson, skógræktarstjóri, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, fulltrúar skógræktarfélaganna og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa 78. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem nú er haldinn hér í Garðabæ. Skógræktarfélag Garðabæinga, býður til aðalfundar og færi ég félaginu bestu þakkir fyrir góða aðstoð við undirbúning hans.

Aðalfundir Skógræktarfélags Íslands eru skógræktarhreyfingunni afar mikilvægir. Um langt árabíl hefur umgjörð aðalfunda félagsins verið í nokkuð föstum skorðum. Einhver kynni að segja að nokkurrar íhaldssemi gætti með fundarformið og sjálfsagt má spyrja sig þeirrar spurningar hvort annað form gæti talist heppilegra. Mín skoðun er hins vegar sú að aðalfundir skógræktarfélaganna, sem jafnan eru haldnir síðla sumars, hafi að flestu leyti verið í senn vel sóttir og hinn ákjósanlegasti vettvangur okkar skógræktarfólks til að hlýða á áhugaverð erindi, fræðast um það sem markverðast er hverju sinni á sviðum skógræktar og fá tækifæri til að kynna áhugaverðu starfi skógræktarféлага, vítt og breytt um landið. Þó er sá þátturinn sennilega hvað mikilvægastur, að njóta samvista um stund með góðum vinum, njóta stunda í fögrum skógarteigum og lyfta okkur upp við söng og aðra skemmtan. Í störfum mínum sem formaður Skógræktarfélags Íslands hef ég fengið einstakt tækifæri til að kynna skemmtilegu og góðu fólki, víðsvegar um land, fólki sem deilir með sér þeirri hugsjón að efla skógrækt í þágu lands og lýðs. Þau kynni eru í mínum huga afar dýrmæt.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

Frá síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Blönduósi fyrir ári síðan hafa nokkrir félagar og velunnarar skógræktarhreyfingarinnar horfið á braut og er þeirra minnst með virðingu og þökk.

Margrét Guðjónsdóttir frá Dalsmynni, formaður Skógræktarfélags Heiðsynninga um langt skeið. Margrét var mikil ræktunarkona og hagræðingur og gladdi oft aðalfundargesti með skemmtilegum vísum og frásögnum.

Gísli Pálsson, bóndi og bókaútgefandi frá Hofi í Vatnsdal. Hann var meðal annars formaður Skógræktarfélags Austur-Húnvetninga og starfaði í framkvæmdanefnd um Fjósa í Svartárdal um langt árabíl. Gísli var mikill félagsmálamaður og var auk stjórnarsetu í Skógræktarfélagi Austur-Húnvetninga í stjórnnum búnaðarféлага, veiðiféлага, Sögufélags Húnvetninga og hreppsnefnd Ásahrepps.

Sigvaldi Ásgeirsson skógfræðingur, skógarbóndi á Vilmundarstöðum í Borgarfirði og framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga. Hann starfaði að skógrækt frá unga aldri og lét til sín taka í umræðu um landgræðslu og skógrækt á Íslandi. Sigvaldi var fróður maður og skemmtilegur og hrókur alls fagnaðar á samkomum skógræktarmanna.

Baldur Helgason, fyrerverandi gjaldkeri Skógræktarfélags Íslands og formaður Skógræktarfélags Kópavogs. Baldur var einn af upphafsmönnum skógræktar á Fossá í Hvalfirði og lagði mikinn metnað í að þar yrði ræktaður nytjaskógur. Í gjaldkeratíð hans í Skógræktarfélagi Íslands vænkaði hagur félagsins enda Baldur ráðdeildarsamur og hagsýnn.

Oddur Sigurðsson frá Litlu-Fellsöxl. Hann var formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps í mörg ár og ein aðaldriffjöðrin í starfi félagsins. Hann átti stóran þátt í því að endurreisa félagið um miðjan áttunda áratuginn eftir að starfsemin hafði verið í nokkurri lægð. Þá vann hann jafnframt að því að útvega félaginu nýjar spildur til skógræktar úr landi Stóru-Fellsaxlar.

Hjörtur Tryggvason frá Húsavík var fjölhæfur maður og mikill áhugamaður um náttúru og skógrækt. Hann tók virkan þátt í starfi Skógræktarfélags Suður-Pingeyinga í á fimmta áratug og var formaður félagsins um tíma. Segja má að Hjörtur hafi fengið skógræktaráhugann í föðurarf en faðir hans, Tryggvi Sigtryggsson, var einn af upphafsmönnum Skógræktarfélags Suður-Pingeyinga.

Við skulum nú minnst Margrétar, Gísla, Sigvalda, Baldurs, Odds og Hjartar og annarra félaga okkar og velunnara sem fallið hafa frá, frá síðasta aðalfundi, með því að rísa úr sætum.

Ágætu fundarmenn.

Í byrjun árs 2013 var gefinn út bæklingur, *Skógar á Íslandi – stefna á 21. öld*. Tilurð þess er sú að skógræktarstjóra var falið að móta stefnu um skógrækt á 21. öldinni og kallaði skógræktarstjóri til liðs við sig hóp fólks úr hinum ýmsu örmum skógræktargeirans. Samdi hópurinn drög að stefnu sem send var út til umsagnar haustið 2010, bæði innan skógargeirans sem og var kallað eftir umsögnum frá almenningi. Niðurstaða birtist síðan í áður nefndum bæklingi, þar sem mörkuð er skógstefna Íslendinga á 21. öld, en ekki áætlun um hvernig skuli framkvæma hana eða kostnaðargreina. Má því segja að nú liggi fyrir opinber stefna um skóga og skógrækt, heildstæð og í aðgengilegu formi. Stefnan hefur sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sem felst í því að Íslendingar ætli að byggja upp og varðveita skógarauðlind sem þjóni fjölþættum hagrænum, félagslegum og umhverfistengdum markmiðum í þágu aukinna lífsgæða og almennrar velferðar. Þótt horft sé fram eftir öldinni, er áherslan lögð á að hefjast handa strax, enda eru framkvæmdir á okkar tímum forsendur þess að skógar framtíðarinnar vaxi og dafni.

Ástæða er til að fagna framkominni skógstefnu, enda löngu tímabært að samræma og stilla saman strengi við endurreisn skógarauðlindar á Íslandi, í þágu lands og þjóðar.

Rekstur Skógræktarfélags Íslands gekk þokkalega á liðnu starfsári, þrátt fyrir að rekstrartekjur væru ekki í takt við áætlanir. Peningalegar eignir lækkuðu á milli ára sem og eignir í bundnum sjóðum. Rekstrartekjur félagsins á árinu 2012 voru tæpum 10 milljónum lægri en á árinu 2011. Rekstrargjöld ársins 2012 voru hins vegar sambærileg við rekstrargjöld ársins 2011. Rekstrartap félagsins á liðnu ári var kr. 4.827 þús. en árið 2011 var hagnaður kr. 5.913 þúsund. Eigið fé félagsins í árslok 2012 var kr. 115.227 þús. en var í lok árs 2011 kr. 120.054 þús. Eitt af megin verkefnum stjórnar Skógræktarfélags Íslands hefur verið að ná góðu jafnvægi í rekstri félagsins. Það eru því viss vonbrigði að leggja hér fram ársreikning fyrir árið 2012 með óviðunandi tapi frá rekstri. Rekstur félagsins er margþættur og um leið á vissan hátt brothættur, en frá þeim tíma sem kreppan skall á hefur félagið orðið af fjárstuðningi fjölmargra aðila, eins og ég hef áður nefnt. Þá hefur framlag ríkisvaldsins til félagsins lækkað. Það er því keppikefli stjórnar og starfsmanna að styrkja tekjugrunn félagsins, samhliða því að gætt sé aðhalds í útgjöldum.

Þegar litið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glöggst sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

23 ár eru nú liðið síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Ber að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt, en á þessum tíma hafa skógræktarfélagin plantað út að meðaltali um 700 til 800 þúsundum skógarplantna ár hvert. Grisjun skóga var boðin út í fjórum skógum, Reykholti í Borgarfirði, Norður-Reykjum í Mosfellsdal, Bolholti og að Skógum í Rangárvallasýslu. Alls voru 12 ha. grisjaðir og gekk verkið í öllum aðalatriðum vel. Nú er unnið að endurnýjun samstarfssamnings við ríkisvaldið um áframhaldandi stuðning við verkefnið, en samningur sem gerður var til 5 ára er að renna út.

Atvinnuátaksverkefni Skógræktarfélags Íslands og innanríkisráðuneytis sem staðið hefur allt frá árinu 2009, lauk nú á vordögum. Frá því í febrúar sl. hefur verið staðið að átaki í samstarfi við Vinnumálastofnun sem miðar að því að skógræktarfélag og sveitarfélag skapi í sameiningu störf fyrir atvinnuleitendur sem eru við það að missa rétt til atvinnuleysisbóta. Ég hygg að óhætt sem að fullyrða að atvinnuátaksverkefnið hafi tekist afskaplega vel og vil ég hér nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að þessu þýðingarmikla verkefni.

Eitt af þeim verkefnum sem félagið vill beina sjónum sínum að á komandi árum er lagning Græna stígsins, en ráðgert er að stígurinn liggi frá Kaldárseli og upp á Kjalarnes. Lagning Græna stígsins er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldsins. Fellur verkefnið vel að því markmiði að efla lýðheilsu og útivist og skapa samgönguæð um fegurstu svæðin í upplandi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Samtök sveitarfélaga á

höfuðborgarsvæðinu hafa þegar samþykkt að gert verði ráð fyrir lagningu Græna stígsins við gerð aðal-, svæðis- og deiliskipulags á höfuðborgarsvæðinu. Þó svo að stígagerðin sjálf sé vart hafin, ef undan er skilin stígagerð í Kópavogi, þá hafa sveitarfélögin horft til legu hans og nokkuð hefur verið unnið að gróðursetningu á svæðum sveitarfélaganna, þar sem gert er ráð fyrir að stígurinn liggji. Ljóst er að undirbúningur og vinna að gerð Græna stígsins mun taka langan tíma og kosta mikla fjármuni. Því mun þetta áhugaverða verkefni væntanlega rata með reglulegum hætti inn í ræðu formanns á aðalfundi, en dropinn mun hola steininn.

Verkefnið Opinn skógur hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og geta landsmenn nú notið þess að staldra við í Opnum skógi, víðs vegar, á ferð sinni um landið. Á liðnu ári var Laugalandsskógur á Þelamörk opnaður fyrir almenning að loknum aðalfundi á Blönduósi og þann 15. september er ráðgert að opna skóginn að Skógum undir Eyjafjöllum. Þá hefur verið unnið að endurnýjun skilta og viðhaldi í öllum skógunum. Verkefnið Opinn skógur er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og fyrirtækjanna Arion banka hf. og Skeljungs hf.

Í ár eru liðin 23 ár frá stofnun Yrkjúsjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson.

Sjö ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu Kolvið, sjóð í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim 7 árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist. Verkefni Kolviðar hafa hins vegar, líkt og mörg önnur góð verkefni, liðið fyrir það efnahagssumhverfi sem við höfum búið við, en vonandi förum við brátt að sjá fram á bjartari tíma. Á árinu var undirritaður samningur við Landsvirkjun um kolefnisjöfnun á hluta af starfsemi fyrirtækisins. Gerði það sjóðnum kleift að hefja gróðursetningu á ný og var allt gróðursetningarhæft land innan samningsbundins svæðis á Geitasandi jarðunnið. Formaður sjóðsins er Reynir Kristinsson.

Gráösp, sem stendur við Brekkugötu 8 á Akureyri var formlega útnefnt tré ársins í september á liðnu ári. Í ár varð önnur aspartegund fyrir valinu, alaskaösp sem stendur við bæinn Freyshóla á Völlum á Fljótsdalshéraði. Öspinn mældist 17,5 metra há og 50,5 cm í þvermál. Það voru bræðurnir Baldur og Bragi Jónssynir frá Freyshólum sem gróðursettu öspina fyrir 50 árum, en þeir bræður unnu allan sinn starfsaldur hjá Skógrækt ríkisins. Má með sanni segja að tré ársins 2013 beri ævistarfi og ástríðu þeirra bræðra fyrir skógrækt, fagurt vitni.

*Skógarlundur skemmtir mér,
Skýldu lengi bænum mínum,
Reynir kóngur rauð með ber,
Ríklát drottning björkin er.
Víðigerði vaxa fer,*

*Vörn og yndi görðum þínum.
Skógarlundur skemmtir mér,
Skýldu lengi bænum mínum.*

Skógræktarfélag Íslands er eigandi að jörðinni Úlfjótuvatni að hálfu á móti Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur. Á þessu ári hefur verið unnið að stofnun sérstaks sameignarfélags, Úlfjótsvatns sf., en tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfjótuvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignarréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Þá hafa staðið yfir viðræður og samningar við Kaþólsku kirkjuna á Íslandi um afnot og nýtingu fasteigna Skógræktarfélags Íslands á Úlfjótuvatni fyrir samfélag reglubræðra. Gengið var frá viljayfirlýsingu í samræmi við þær hugmyndir, þann 17. júlí sl. Helgina 6-7. júlí sl. var haldin sérstök Úlfjótsvatnshátíð þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá tengda menningu, náttúru og þjóðlífi svæðisins og þótti hátíðin takast einstaklega vel. Ýmsar hugmyndir eru uppi um nýtingu jarðarinnar og unnið er nú að skógræktarskipulagi hennar. Er ekki að efa að á næstu árum og áratugum mun myndarlegu útivistar- og nytjaskógur vaxa upp á Úlfjótuvatni samhliða þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar mun vaxa og dafna um ókomin ár.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarfélaga þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Olís, Karl Eiríksson og Skeljung. Öllum þessum ágætu aðilum eru hér færðar alúðarpakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar m.a. nefna öfluga útgáfu Skógræktarritsins, Laufblaðsins og heimasíðu félagsins, auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Sem fyrr njótum við þess að skógarvöxtur er með mesta móti víðast hvar um land. Það leiðir hugann að þeirri stöðu sem er að skapast með aukinni skógrækt og auknum skógarafurðum. Nú þegar eigum við fagra yndisskóga þar sem almenningi gefst kostur á að njóta útivistar, gangandi, á hjólum eða jafnvel á hestbaki, eftir góðum skógarstígum. Skógar landsins eru auðlind og því ber að fagna þeim áformum sem ný ríkisstjórn hefur kynnt um stóraukna skógrækt. Það er því verðugt verkefni skógargeirans á næstu misserum og árum að hamra á þeirri staðreynd að möguleikar til skógræktar eru hér gríðarlega miklir og mun ef vel er haldið á spilum, skapa hér fjölda starfa í skógrækt og við úrvinnslu skógarafurða.

Ég nefndi hér fyrr val á tré ársins sem stendur við Freyshólabæinn austur á Héraði, en við Brynjólfur, framkvæmdastjóri, fórum austur vegna þeirrar athafnar sl. sunnudag. Jón Loftsson skógræktarstjóri, sótti okkur út á flugvöll og hafði þá þegar ráðgert að við myndum fara ríðandi frá Hallormsstað að Freyshólum. Veður var hið besta og við Brynjólfur nutum leiðsagnar þeirra Jóns og Þórs skógarvarðar um fagra skógarstíga. Þarna í Mekka skógræktarinnar, á yndisfögurum degi, getur maður ekki annað en dáðst að þeirri sýn sem á vegi okkar varð, vörpulegt lerki, hávaxnar aspir, sitkagreni,

blágreini, rauðgreini og fura, og svo mætti áfram telja. Eftir slíkan reiðtúr er vart hægt að efast um gildi skógræktar og þeirrar framtíðar sem hennar bíður hér á landi. Bestu þakkir Jón, fyrir lánið á hrossunum.

Skógræktarfélag Garðabæjar, gestgjafi aðalfundar, fagnar um þessar mundir 25 ára afmæli og færi ég félagsmönnum hamingjuóskir með áfangann. Garðabær er fremur ungt sveitarfélag, en þegar horft er yfir bæinn má glögglega sjá að íbúarnir hafa verið duglegir við að rækta garðinn sinn. Það verður því áhugavert að fá tækifæri til að skoða sig um í Garðabæ, sem og að kynna sér starfsemi Skógræktarfélags Garðabæjar.

Góðir aðalfundarfulltrúar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér í Garðabæ megi verða okkur skógræktarfólki ánægjulegur.

Ég segi 78. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.